

# Drög að áfangaskýrslu



**Jóhannes Björnsson**

[johbj@landspitali.is](mailto:johbj@landspitali.is)

Jóhannes Björnsson, meinafræðingur á Landspítala og ritstjóri og ábyrgðarmaður Læknablaðsins.

Um þessar mundir eru þrjú ár frá því að Læknablaðið var skráð á gagnagrunn National Library of Medicine (NLM/Medline) í Bandaríkjunum.

Eins og áður hefur komið fram í þessum dálkum ábyrgðist ritstjórn Læknablaðsins af þessu til efni ákveðið vinnulag við meðhöndlun innsendra fræðigreina, það er að segja frumgreina (“original articles”), yfirlitsgreina og sjúkratilfella. Í umsókn um skráningu í gagnagrunninn lýsti ritstjórnin þannig vinnuferlum sem hún hefði þegar tekið upp eða myndi taka upp ef Læknablaðið fengist fært í gagnagrunninn. Forsenda skráningarinnar voru meðal annars nákvæmar upplýsingar um menntun, þjálfun og rannsóknir ritnefndarmanna. Auk þess, og í sem stytztu máli er ferli innsendra fræðigreinar eftirfarandi: ritstjórnarfulltrúa berst fræðigreinin sem framsend er til ritstjóra/ábyrgðarmanns sem úthlutar einum ritnefndarmanni greininni til frekari ákvörðunar. Viðkomandi ritnefndarmanni er samtímis oftast fenginn annar ritnefndarmaður („secunder”), þeim fyrri til aðstoðar ef þurfa þykir. Á þessu stigi getur ábyrgur ritnefndarmaður stöðvað ferlið og mælt með höfnun greinarinnar án frekari umfjöllunar og tekur ritstjórnin öll þá ákvörðun sameiginlega. Sýnu algengast er þó að viðkomandi fræðigreinin sé send áfram til ritrýni. Það er skilyrði við umfjöllun um frum- og yfirlitsgreinar, að fyrir liggi að minnsta kosti tvær bitastæðar umsagnir ritrýna. Getur þá oft flýtt fyrir að leita til þriggja aðila strax í upphafi. Dýpt og lengd umsagnanna er mjög mismunandi og ritrýni sem er ein eða tvær málsgreinar almenns eðlis kemur ritstjórn og höfundum að takmörkuðu gagni varðandi framhaldið.

Hjá Læknablaðinu tíðkast tvíblind ritrýni, það er að segja hvorki ritrýnar né höfundar þekkja hver til annars. Smæð íslensks læknasamfélags er hins vegar slík að líklega grunar hvorn aðila, stundum þó ranglega, hver hinn sé. Starf ritrýnis er vanþakklátt, vinnuframlagið er umtalsvert og ritrýnir fær enga umbun, hvorki þessa heims né annars, fyrir verkið, nema síður sé ef til hans spyrst, sem er þó sem betur fer sjaldgæft. Það er misjafnlega erfitt að fá ritrýna eftir því hver sérgrein læknisfræðinnar á í hlut og oft koma aðeins fáir til greina. Ritstjórn Læknablaðsins er afar þakklát ritrýnum og er fullljóst, að ekki væri unnt að halda úti Læknablaðinu í því formi sem við

kjósum án aðstoðar þeirra, sérlega ekki að uppfylla skilyrði NLM.

Önnur hlið á því hversu fáir ritrýnar eru héraendis er sú, að leitinn að þeim getur orðið það erfið og tafsöm að höfundar þurfi að bíða óheyrilega lengi eftir að þeim berist aftur verk sitt með umsögnum. Ritstjórn Læknablaðsins þykir þessi tölfræði verulega miður, en þekkir engin úrræði sem gætu breytt þessu að gagni. Sér í lagi er úr vöndu að ráða þegar lengi hefur verið beðið eftir umsögn, sem síðan reynist gagnlítill. Hvað varðar þátt höfundar, þá hefur ritstjórn nýlega skert og stytta leiðbeiningar til þeirra, og má finna þær á vefsíðu blaðsins undir fyrirsögninni „Leiðbeiningar til höfunda fræðilegs efnis.“

Hvort sem það má rekja til skráningar hjá NLM eða einhvers annars þá hefur fjöldi innsendra fræðigreina farið vaxandi undanfarin misseri. Höfnunarhlutfall hefur að sama skapi hækkað, og er nú um það bil 10%. Sá sem þetta ritar hefur á tilfinningunni, en getur með engu móti sannað, að íslenskum rannsakendum þygi fýsilegra en áður að birta greinar í Læknablaðinu, í ljósi þess að umheimurinn muni að minnsta kosti verða þeirra var og, ekki síður, að nafn höfunda(r) finnist nú oftar en áður í alþjóðlegum gagnagrunnum.

Ritstjórn hefur nýlega hafið athugun á heimsóknum á vefsíðu Læknablaðsins og reynt að sundurgreina þær eftir þjóðlöndum. Þessar leitir eru takmörkunum háðar, og engan veginn víst að þær nái til allra heimsókna; fer það væntanlega eftir þeirri leitarvél sem viðkomandi kann að nota í hvert skipti. Engu að síður er óhætt að fullyrða að heimsóknir erlendra aðila í hverjum mánuði skipta hundruðum.

Hvað aðra hluta blaðsins áhrærir hefur ritstjórn tekið til umfjöllunar, jafnvel í nokkrum tölublöðum, tiltekin efni og nægir þar að nefna nýlega og yfirstandandi athugun á framhaldsmenntun lækna og rafrænni sjúkraskrá. Við álitum að rækileg og djúp umfjöllun, frekar en einfaldar frásagnir, geti komið okkur öllum að gagni, bæði á líðandi stundu og síðar sem söguleg heimild.

Ritstjórn og starfsfólk Læknablaðsins freista þess að ganga þannig frá blaðinu að það sé læknur til gagns og sóma. Hvort það tekst eða ekki er lesenda þess og eigenda að dæma. Ritstjórn tekur öllum ábendingum og aðfinnslum með þökkum.

## Editor's Interim Report

Jóhannes is Professor and Chairman, Department of Pathology, Landspítali University Hospital, and Editor-in-Chief of The Icelandic Medical Journal.